

Fundagerð 120. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 15. febrúar 2018 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Andrés Bjarnason og Þorsteinn Hjálmarsson, Símon Guðvarður Jónsson, Sigurður Gunnar Benediktsson og Brynjólfur Árnason

Fjarverandi: Jón Jóhannsson og Guðmundur Sigurvínsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 119
2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM
3. Uppsögn kjarasamninga í febrúar 2018
4. Fjárhagsáætlun Orlofssjóðs VM 2018
5. Hækkun á úteigu orðlofshúsa og á tjaldsvæði
6. Eignarhald á orlofshúsi í Flókalundi
7. Starfsmannaleigur og keðjuábyrgð
8. Lagt fram til kynningar
Viðbragðsáætlun – Jafnlaunastefna - Launastefna
9. Lagt fram til upplýsingar
Önnur mál

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 119

Fundagerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Hvalaskoðun og fiskeldi. Fundur í næstu viku. Á síðasta fundi áttu þeir að koma með ramma að kjarasamningi en gerðu það ekki.
- SFS hvíldartíma rannsóknin að fara af stað.
- Stofnunarsamningur LHG. Búið með Stýrimenn og Háseta en við erum eftir.
- Birta er að auglýsa eftir stjórnarmönnum. Þeir ætla að hætta með þetta skiptimannakerfi og sérstök nefnd mun velja þá sem þeir telja hæfasta í stjórn launamanna.
- Hjá Gildi er verið að leggja grunn að breytingum um val á stjórnarmönnum launamanna.

3. Uppsögn kjarasamninga í febrúar 2018

Uppsögn kjarasamninga. Samræður hafa verið í gangi við ríkisstjórn. Búið að funda með trúnaðarmönnum og fyrirhugað er að fara út í fyrirtækin til að heyra hljóðið í mönnum með

uppsögn. Þá verður fulltrúaráðið boðað á fund í vikunni fyrir mánaðarmót. Hugmynd er innan ASÍ að færa ákvörðunarréttinn yfir á sambönd og félög. Ekki er ákveðið hvort félög með beina aðild þurfa að vera saman.

4. Fjárhagsáætlun Orlofssjóðs VM 2018

Óskað var eftir því að fá að taka lið 4 og 5 saman og var það samþykkt. Orlofsnefndin fundaði í morgun og fór yfir hækkanir á útleigu og fjárhagsáætlun orlofssjóðs. Leiga á orlofshúsum hækkar að meðaltali um 4,5%, verð á tjaldstæðum breytist og verður bara eitt gjald, félagsmaður má taka með sér 2 gesti. Einnig verður hægt að leigja eina nótt í Reykjavík og á Akureyri en þá bætast við 3.000 kr. og er þetta gert til að ná upp í kostað við lín. Einarstaðir og Klaustur lækka í verði vegna ástands á húsunum. Verið er að skoða hvernig endurnýjun á húsunum verður háttað og þegar það er komið verður það lagt fyrir stjórn. Allir samþykktu nema einn en hann sat hjá.

5. Hækkun á útleigu orlofshúsa og á tjaldstæði

Var tekið undir með í lið 4.

6. Eignarhald á orlofshúsi í Flókalundi

Eins og staðan er í dag þá eigum við 45% í húsinu í Flókalundi og tvö félög eiga hinn hlutann. Verið er að vinna í endurskipulagningu á eignarhluta í byggðinni og komin er upp sú tillaga að við kaupum 5% til víðbótar í húsinu og eigum þá helming ásamt Bolvíkingum. Umræður urðu um verðið en að lokum samþykkti stjórn kaupin, einn sat hjá

7. Starfsmannaleigur og keðjuábyrgð

Lagt fram samkomulag á milli ASÍ og SA um eftirlit með launum og starfskjörum starfsmanna starfsmannaleiga, ábyrgð neytendafyrirtækja og sérstaka viðurkenningu starfsmannaleiga. Búið að útvíkka þetta þannig að okkar greinar fara undir þetta ekki bara byggingariðnaðurinn.

8. Lagt fram til kynningar

- Jafnlaunastefna VM
- Launastefna VM
- VM-Stefna_vidbragdsaaetlun_Jan2018

Þetta er unnið upp úr gögnum frá ASÍ og heimfært á VM. Málið verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundum.

9. Lagt fram til upplýsingar

- Bréf frá félagsmanni

10. Önnur mál